

## Fréttabréf Viðskiptaráðs – 12. desember 2008

---

### Ný lög skapa aukinn verðbólguþrýsting

Alþingi afgreiddi í gær lög um hækkun gjalda á áfengi, tóbaki, olíu og bifreiðum. Í fjárlögum næsta árs var gert fyrir að þessi gjöld myndu alls hækka um 11,5% á næsta ári, en í þessum nýju lögum, sem taka gildi strax, nemur hækkunin 12,5%. Ljóst að lög þessi eru til þess fallin að kynda undir verðbólgu, en hið opinbera ætti einmitt að gera allt sem í sínu valdi stendur til að draga úr verðbólguþrýstingi við núverandi ástand.

Í vísitölu neysluverðs er samanlagt vægi þeirra neysluliða sem hækkunin nær til umtalsvert. Löggjöfin mun því valda verðbóluskoti strax við næstu verðlagsmælingu. Tímasetningin er mjög óheppileg, enda fjárhagsstaða heimila og fyrirtækja nú þegar í molum og ekki á það bætandi með hærra vöruverði og meðfylgjandi hækkun verðtryggðra skulda. Auk þess hafa aðgerðir ríkissjóðs slæmt fordæmisgildi gagnvart sveitarfélögum sem að öllum líkindum munu fylgja eftir með hækkun á þjónustu sinni.

Viðskiptaráð hefur ítrekað bent á mikilvægi þess að hið opinbera beiti sér að alefli í baráttunni gegn verðbólgu við núverandi aðstæður. Stjórnvöldum eru tvær leiðir færar í að brúa þann fjárlagahalla sem þau standa frammi fyrir: skera niður útgjöld og hagræða í rekstri eða hækka skatta og alögur. Hækkun gjalda nú, auk hækkunar á tekjuskatti og útsvari sem tilkynnt var um gær, bendir til þess að ríkisstjórnin sé á rangri leið.

### Tekjuskattur hækkaður og hækkun útsvars heimiluð

Um leið og ríkisstjórnin kynnti hagræðingaraðgerðir við 2. umræðu fjárlaga í gær var lagt til að tekjuskattur á einstaklinga yrði hækkaður um 1%, úr 22,75% í 23,75%. Að auki hyggst ríkisstjórnin veita heimild til hækkunar útsvars sveitafélaga og er það rökstutt á þann veg að slíkt leiði til tekjuhækkunar fyrir sveitarfélög sem mun koma til móts við aukaframlög úr jöfnunarsjóði, sem að óbreyttu munu falla niður.

Viðskiptaráð telur aðgerð þessa í hæsta máta óheppilega. Fjárhagsstaða einstaklinga og heimila er nú þegar í molum og ekki á það bætandi með skattahækkun. Þrátt fyrir góða afkomu hins opinbera síðastliðin ár hafa útgjöld vaxið með miklum hraða og því ljóst að umtalsvert svigrúm er til hagræðingar í rekstri þess. Frekar á að bæta afkomu hins opinbera með víðtækum niðurskurði í ríkisútgjöldum í stað þess að leggja auknar álögur á almenning.

Viðskiptaráð benti á þessi sjónarmið fyrir stuttu í skoðun sinni "[Forðast ber skattahækkanir](#)". Þar er lagt til að hið opinbera forðist allar skattahækkanir við núverandi efnahagsaðstæður, enda er hætt við að þær leiði til enn frekari samdráttar.

### **Útgjöld hins opinbera hækka minna en áður var gert ráð fyrir**

Ríkisstjórnin kynnti í gær sparnaðaraðgerðir við 2. umræðu fjárlaga, en samkvæmt tillögnum er gert ráð fyrir að sparnaður í rekstrarútgjöldum og tekjutilfærslum nemi um 24 milljörðum eða 5,7% af heildarútgjöldum ríkissjóðs til þessara málaflokka. Vissulega ber að fagna viðleitni ríkisstjórnarinnar til að hagræða í rekstri sínum, en engu að síður er framsetning þessara sparnaðaraðgerða villandi. Í raun er ekki um eiginlegan sparnað að ræða, heldur einungis áform um að auka ríkisútgjöld minna en upphaflega var gert ráð fyrir í fjárlögum næsta árs.

Hlutfallslega er gert ráð fyrir mestri hagræðingu í rekstri utanríkisþjónustunnar og hjá æðstu stjórn ríkisins. Að auki má nefna að fallið verður frá aukningu útgjalda til ýmissa einstakra liða, þeirra á meðal þróunaraðstoðar, mótframlagi í endurhæfingarsjóð auk ýmissa styrkjarliða.

Viðskiptaráð hefur ætíð talað fyrir minni ríkisumsvifum og lagt til að útgjöld hins opinbera verði dregin saman. Í þessum sambandi minnir Viðskiptaráð á skýrsluna "[Útpensla hins opinbera](#)", þar sem ítarlega er fjallað um þróun ríkisútgjalda síðustu ára. Auk þess minnir Viðskiptaráð á skýrslu sína, "[90 tillögur að bættri samkeppnishæfni Íslands](#)", en þar er m.a. fjöldi tillagna um það hvernig hið opinbera getur hagrætt í rekstri sínum.